# 2018 nr. 120 7. desember
# Forsetaúrskurður um skiptingu starfa ráðherra

**Tók gildi 1. janúar 2019.** *Breytt með:* Forsetaúrsk. 17/2019 (tók gildi 15. mars 2019). Forsetaúrsk. 110/2019 (tók gildi 7. sept. 2019). Forsetaúrsk. 156/2019 (tók gildi 1. jan. 2020).

■ **1. gr.** *Forsætisráðuneyti.*

□ **Katrín Jakobsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra.*

■ **2. gr.** *Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.*

□ **Kristján Þór Júlíusson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 1., 5. og 6. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.*

□ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 2.–4. tölul. og 7. og 8. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.*

■ **3. gr.** [*Dómsmálaráðuneyti.*

□ **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra.*][1)]

[1)] *Forsetaúrsk. 110/2019, 1. gr.*

■ **4. gr.** *Félagsmálaráðuneyti.*

□ **Ásmundur Einar Daðason** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félagsmálaráðuneyti skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og barnamálaráðherra.*

■ **5. gr.** *Fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

□ **Bjarni Benediktsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra.*

■ **6. gr.** *Heilbrigðisráðuneyti.*

□ **Svandís Svavarsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra.*

■ **7. gr.** *Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

□ **Lilja Dögg Alfreðsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og menningarmálaráðherra.*

■ **8. gr.** *Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.*

□ **Sigurður Ingi Jóhannsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið skv. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.*

■ **9. gr.** *Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.*

□ **Guðmundur Ingi Guðbrandsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis- og auðlindaráðherra.*

■ **10. gr.** *Utanríkisráðuneyti.*

□ **Guðlaugur Þór Þórðarson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið [*utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*].[1)]

[1)] *Forsetaúrsk. 156/2019, 1. gr.*

■ **11. gr.**

□ Úrskurður þessi öðlast gildi 1. janúar 2019. . . .

ELDRI ÚTGÁFA